

Byggingafulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík 6. mars 2018  
UST201801-215/K.S.J.  
10.05.02

### **Efni: Frístundahús á lóð nr. 223275 í landi Heiðarbæjar v. Þingvallavatn**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita er barst 18. janúar sl. og 31. janúar og 14. febrúar þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að afstöðumynd og útliti frístundahúss í landi Heiðarbæjar við Þingvallavatn.

#### **Skipulagssvæðið**

Umhverfisstofnun bendir á að ofangreind lóð fyrir frístundahús í landi Heiðarbæjar er á svæði sem er innan vatnasviðs Þingvallavatns. Innan vatnasviðs Þingvallavatns gildir reglugerð um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns. Markmið reglugerðarinnar er:

*-að stuðla að verndun vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns með markmið sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi,*

*-að tryggja að innan verndarsvæðisins verði yfirborðsvatni eða grunnvatni ekki spillt eða það mengað, svo sem vegna jarðrasks, byggingar mannvirkja, búsetu, borunar eftir vatni, töku jarðefna, vinnslu auðlinda úr jörðu og ræktunarframkvæmda eða vegna flutninga og meðhöndlunar eitrefna og hættulegra efna,*

*-að tryggja að tegundum, búsvæðum, vistgerðum og líffræðilegri fjölbreytni Þingvallavatns verði ekki spillt og að lífríki þess fái eftir því sem kostur er að þróast eftir eigin lögmálum.*

Allar athafnir og framkvæmdir á vatnasviði Þingvallavatns þurfa að fylgja ofangreindum markmiðum og skal ætíð hafa ofangreinda reglugerð til hliðsjónar.

#### **Frístundahús**

Í greinargerð kemur fram að áætlað frístundahús er ein hæð og svefnloft, en ekki kemur fram hver hæð hússins er. Að mati Umhverfisstofnunar er nauðsynlegt að hæsti punktur byggingar komi fram svo meta megi sjónræn áhrif hússins. Umhverfisstofnun bendir á að ekki er hefð fyrir tveggja hæða frístundahúsum svo nálægt Þingvallavatni enda meiri sjónræn áhrif af hærri húsi og neikvæð áhrif á ásýnd eru meiri. Umhverfisstofnun bendir á að

ofangreind áætlun gerir ekki ráð fyrir fyrirferðarmiklu húsi, en stofnunin telur nauðsynlegt að skoðaðar verði meðalhæðir húsa neðst við vatnið og bornar saman við ofangreinda áætlun. Ef húsið með svefnlofti er hærra en önnur hús á svæðinu er nauðsynlegt að leysa svefnrými á annan hátt en gert er í tillögunni.

### Fráveita

Í greinargerð kemur fram að skólþ skuli hreinsað skv. reglugerð nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns.

Umhverfisstofnun bendir á að auk þess skal öll fráveita vera skv. reglugerð um fráveitur og skólþ, og skv. lögum um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess nr. 85/2005.

Skv. 15. gr. reglugerðar nr. 650/2006 skal við hreinsun skólþs frá íbúðarhúsum, frístundahúsum og húsnæði tengd ferðþjónustu á verndarsvæði Þingvallavatns beita ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa hreinsun, sbr. reglugerð um fráveitur og skólþ.


Umhverfisstofnun bendir á að innan vatnasviðs Þingvallavatns þar sem eru ung og gljúp jarðlög og þar sem jarðvegur er þunnur, er rotþró með siturlögn oft ekki heppileg lausn og bendir stofnunin á að öruggasta leiðin til að koma í veg fyrir mengun, er að setja safnþró sem tæmd er reglulega, við frístundahús. Að mati Umhverfisstofnunar þarf sveitarfélagið að meta hvort forsvaranlegt er að fjölga frístundahúsum með rotþrær, og hvort ekki sé kominn tími til að krefjast safnþróa.


### Náttúruvernd

Umhverfisstofnun ítrekar að þar sem ofangreind frístundalóð er á verndarsvæði Þingvallavatns, þá gilda lög nr. 85/2005 um verndun Þingvallavatns. Í lögnum kemur m.a. fram að „*innan verndarsvæðisins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það, bæði yfirborðsvatn og grunnvatn.*“ Einnig kemur fram í lögnum að vernda skuli lífríki Þingvallavatns og gæta þess að raska ekki búsvæðum og hrygningarstöðvum bleikjuafbrigða og urriðastofna sem lifa nú í vatninu.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að forðast verði allt óþarfa rask á framkvæmdasvæðinu. Einnig er að mati stofnunarinnar mikilvægt að við ræktun gróðurs verði nýttar innlendar tegundir.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Agnar B Bragason  
Teymisstjóri